

ÁRSSKÝRSLA STOFNUNAR VIGDÍRAR FINNBOGADÓTTUR Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM 2024

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er ein af grunnstofum Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Hún er rannsóknarvettvangur akademískra starfsmanna við Mála- og menningardeild sem stunda rannsóknir og kennslu í tengslum við þau tungumál sem kennd eru við deildina: arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, latínu, pólsku, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku. Helstu fræðasviðin eru bókmenntir, málvísindi, menningarfræði, þýðingafraði, máltileinkun og kennslufræði erlendra tungumála. Stofnunin miðlar upplýsingum um tungumálanám og nýjungar í kennslu erlendra tungumála og skipuleggur vinnustofur, fyrirlestra, málþing og ráðstefnur um ólík málefni sem tengjast fræðasviðum stofnunarinnar. Fræðirit og þýðingar koma út hjá stofnuninni og frá árinu 2009 veftímaritið *Milli mála*. Um stofnunina, sjá nánar: svf.hi.is

Innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er að finna eftirtaldar undirstofur:

Fornfræðistofa – vettvangur fyrir rannsóknir í fornfræðum og þverfræðilegt samstarf og verkefni sem varða málefni og miðlun fornfræði. Ábyrgðarmaður er Geir P. Þórarinnsson.

GLÓSA – rannsóknastofa í orðabókafræði. Ábyrgðarmaður er Erla Erlendsdóttir.

RÍO – rannsóknastofa í orðasambandafræði. Ábyrgðarmaður er Oddný G. Sverrisdóttir.

STUTT – rannsóknarstofa í smásögum og styttri textum. Ábyrgðarmaður er Kristín Guðrún Jónsdóttir. Sjá stutt.hi.is

Vigdísarstofnun – Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar sem starfar undir merkjum UNESCO. Forstöðumaður frá 1. október 2024 er Sofiya Zahova. Stjórnarformaður er Gísli Magnússon. Halldóra J. Þorláksdóttir var kynningarstjóri stofnunarinnar og Valgerður Jónasdóttir viðburðastjóri fyrri hluta árs. Sjá vigdis.hi.is.

STJÓRN OG RITNEFND

Stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum til 16. apríl 2024 skipuðu Ásdís Rósa Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, formaður, Geir Þórarinn Þórarinnsson, aðjunkt í grísku og latínu, Jóna Guðrún Guðmundsdóttir, fulltrúi doktorsnema, Kristín Ingvarsdóttir, lektor í japönskum fræðum, og Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku. Varamenn voru Erla Erlendsdóttir, prófessor í spænsku, og Gísli Magnússon, prófessor í dönsku. Ný stjórn tók við eftir ársfund stofnunarinnar 16. apríl og er hún þannig skipuð: Ásdís Rósa Magnúsdóttir, formaður, meðstjórnandi er Geir Sigurðsson, prófessor í kínverskum fræðum, fulltrúi doktorsnema á Hugvísindasviði er Sigrún Alba Sigurðardóttir og varamaður er Ann-Sofie Nielsen Gremaud, dósent í dönsku. Ritnefnd stofnunarinnar skipuðu þær Kristín Guðrún Jónsdóttir, Birna Bjarnadóttir og Ásdís Rósa Magnúsdóttir. Geir Þórarinn Þórarinnsson og Þórhildur Oddsdóttir voru ritstjórar veftímarits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, *Milli mála*.

Árið 2024 voru rúmlega 40 fræðimenn í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

RANNSÓKNIR OG VERKEFNI

Meðal verkefna og rannsókna sem unnið er að innan stofnunarinnar eru eftirfarandi:

Ann-Sofie Gremaud tekur þátt í alþjóðlega verkefninu **The Art of Nordic Colonialism: Writing Transcultural Art Histories**. Þar er fjallað um hlutverk nýlendustefnunnar í sköpun og viðtöku lista- og listasögu á Norðurlöndum og fyrrum nýlendum þeirra frá 1600 til dagsins í dag.

Auður Hauksdóttir leiðir rannsóknaverkefni um **tengsl færeysku, íslensku og norsku við dönsku á tímabilinu 1850–1920** og þróunarverkefnið **EGO (Min egen Ordbank)**, sem er einstaklingsmiðuð stafræn starfsstöð fyrir færeyska, grænlandska og íslenska nemendur í dönskunámi og aðra sem þurfa að tjá sig á dönsku. Verkefnin hafa m.a. notið styrkja frá Nordplus Sprog og Kultur. Hún fer einnig fyrir stýrihópi á vegum stjórnvalda, Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns, en honum er ætlað að hrinda í framkvæmd átaki til eflingar dansk-íslensku vísindasamstarfi, sem ríkisstjórnin efndi til árið 2019, þegar þess var minnst að 75 ár voru liðin frá stofnun lýðveldisins. M.a. er nú unnið að **útgáfu *Ferðabókar Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar í Danmörku og sýningu í Nesstofu um *Ferðabókina* og tilurð hennar***. Sagnfræðingarnir Árni Daníel Júlíusson og Daniel Henschen hafa unnið að rannsóknum á *Ferðabókinni* frá því á ágúst 2024 og þeir munu skrifa fræðilegan inngang að nýrri útgáfu *Ferðabókarinnar* í ritstjórn Auðar Hauksdóttur og Eriks Skyum-Nielsen. Auk þess mun afrakstur rannsókna þeirra nýtast sem efniviður í sýninguna í Nesstofu. Rannsóknirnar eru unnar í samvinnu Sagnfræðistofnunar, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Saxo Instituttet við Kaupmannahafnarháskóla og Þjóðminjasafns Íslands. Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir eru í forsvari fyrir rannsóknaverkefnunum **Sprogbarometer I og II** sem eru unnin í samvinnu við fræðimenn við Fróðskaparsetur Færeyja, Háskólann í Grænlandi og Málstöðina í Grænlandi. Rannsóknirnar beinast að samþýli heimamálanna í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi við dönsku og ensku.

Ásdís R. Magnúsdóttir rannsakar viðtöku- og þýðingasögu franskra bókmennta á Íslandi, með áherslu á **þýðingar Hannesar Finnssonar á frönskum ævintýrum og dæmisögum í *Kvöldvökunum 1794***. Hún vinnur einnig að íslenskri þýðingu á tveimur **riddarasögum Chrétien de Troyes**.

Birna Bjarnadóttir rannsakar þátt skáldsins **Undínu í bókmennta- og menningarsögu íslenskra vesturfara**, og leiðir alþjóðlega rannsóknaverkefnið **Menning við ysta haf** í félagi við Andrew McGillivray og Ármann Jakobsson.

Eyjólfur Már Sigurðsson stýrir verkefninu **Icelandic Online** sem er á vegum Tungumála-miðstöðvar. Sjá nánar: <https://icelandiconline.com/>.

Íslensk-spænsk veforðabók er í smíðum á vegum LEXIU. Ritstjóri spænska hlutans er Erla Erlendsdóttir.

Erla Erlendsdóttir, Hólmfríður Garðarsdóttir og Nuria Frías Jiménez eru þátttakendur í norræna vinnuhópi alþjóðlega verkefnisins **Kortlagning spænsku í Evrópu**.

Geir Sigurðsson tekur þátt í alþjóðlegu verkefnunum **Perceptions of Age and Ageing in Premodern China and Beyond** ásamt samstarfsaðilum frá Þýskalandi, Tékklandi, Slóveníu og Belgíu, og **Imaginary Worlds and Imperial Power: The Case of China** ásamt L'ubomir Dunaj við Háskólann í Vín. Hann er einn af ritstjórum bókanna *The Changes in*

Our Times: Contemporary Readings of the Yijing og *Four Exemplars of Ru 儒 (Confucianism) – Beyond Comparative Philosophy* sem báðar eru væntanlegar hjá Springer árið 2025.

Geir Þ. Þórarinnsson vinnur að gerð **grísk-íslenskrar orðabókar** með styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Gísli Magnússon er aðalritstjóri alþjóðlega tímaritsins *Romantik – Journal for the Study of Romanticisms* sem gefið er út með styrk frá NOP-HS.

Guðrún Kristinsdóttir vinnur að verkefninu **Frönsk bylgja í íslensku leikhúslífi: 1960–2000**. Hún rannsakar einnig **birtingarmyndir trúarbragðastríðanna í frönskum harmleikjum 16. aldar og 17. aldar** og í sögulegri smásagnaritun á 17. öld.

Hólmfríður Garðarsdóttir tekur þátt í verkefninum **Women seeing Women**, sem fjallar um birtingarmyndir kvenna í kvikmyndum eftir konur í Rómönsku Ameríku, **Decolon-Ice: Towards decolonizing curricula in Nordic higher education** og **Félagshreyfingar og jaðarmenning í Rómönsku Ameríku**.

Ingibjörg Ágústsdóttir vinnur að rannsóknarverkefni um **skoskar ferðakonur á Íslandi á 19. og 20. öld**, sem styrkt er af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands. Ingibjörg er einn af aðalritstjórum nýju fræðibókaritraðarinnar **Global Historical Fictions** sem gefin er út hjá Brill.

Irma Erlingsdóttir og Ásdís R. Magnúsdóttir stýra verkefninu **Frönsk bylgja í íslensku leikhúslífi: 1960–2000**, en þar er sjónum beint að þýðingum og uppsetningum á frönskum leikbókmenntum og sviðslistum á þessu tímabili og áhrifum þeirra á íslenskt leikhús.

Rósa Elín Davíðsdóttir ritstýrir **LEXIU, íslensk-franskri veforðabók**, sem opnuð var í júní 2021. Orðabókin er unnin í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en árið 2023 var einnig efnt til samstarfs við Académie française. Rósa skoðar einnig **áhrif styttingar á námstíma til stúdentsprófs á inntak náms í frönskum fræðum við Háskóla Íslands**.

Jón Ólafsson leiðir íslenskt teymi evrópuverkefnisins **PHOENIX Citizens voices for a greener Europe** ásamt Benjamin Hennig prófessor í Landfræði. Hann er einnig einn þriggja íslenskra doktorsleiðbeinenda Marie Curie verkefnisins **FEINART** sem snýst um doktorsrannsóknir á sviði félagslegrar þátttökulistar. Þá vinnur Jón að bók um endurskoðun á íslensku stjórnarskránni sem er ein afurða verkefnisins **Lýðræðisleg stjórnarskrárgerð: Tekist á um borgarapátttöku, vald stofnana og sameiginleg gæði** sem hann fór fyrir á árunum 2019 til 2023.

Kristín Ingvarsdóttir tekur þátt í norræn-japanska rannsóknaverkefninu **ARCSUS+SDG** (Governing Arctic Urban Sustainability through the lens of the UN's Sustainable Development Goals) sem er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Kristín stundar rannsóknir á **samskiptum Íslands og Japans**, m.a. með tilliti til sögulegra tengsla landanna, hvalveiða og málefna norðurslóða.

Sofiya Zahova stýrir alþjóðlega samstarfsnetinu **Roma in the Centre**, þar sem fjallað er um menningu, bókmenntir og málefni Rómafólks, og **RomIs: History and Ethnography of Roma in Iceland**. Hún tekur þátt í evrópska verkefninu **Educated Roma women, empowered Roma communities!** sem snýr að menntun og valdeflingu Rómakvenna.

Toby Erik Wikström leiðir verkefnið **Staging and Erasing the Global in Early Modern France**.

Þórhallur Eyþórsson stýrir verkefninu **The Prepositional Absolute Construction in Icelandic: A synchronic, diachronic and comparative-typological perspective**. Hann tekur einnig þátt í rannsóknarnetinu **The Oxford History of North Germanic Morphology**.

Þórhildur Oddsdóttir vinnur að verkefni tengdu annarsmálsfræðum.

Þórir Jónsson Hraundal, ásamt Sverri Jakobssyni og Dariu Segal, lagði lokahönd á verkefnið **Legends of the Eastern Vikings** sem styrkt var af Rannís árin 2019–2023. Meginmarkmið verkefnisins var að endurskoða miðaldaheimildir um Víkinga í Austurvegi og varpa ljósi ýmsar sagnfræðilegar nálganir á Rús og Væringja á miðöldum. Hann vinnur nú að riti um **áhrif múslima á Íberíuskaganum**.

Nánar um rannsóknaverkefni stofnunarinnar: <https://svf.hi.is/is/rannsoknir>



ÚTGÁFA

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum gefur út veftímaríð *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu* tvisvar á ári. Stofnunin gefur einnig út fræðirit og þýðingar á erlendum bókmenntum. Einmála og tvímála ritraðir stofnunarinnar er ætlaðar nemendum á sviði tungumála, bókmennta og hugvísinda en einnig unnendum erlendra fagurbókmennta og klassískra verka. Þýtt er úr frummáli og ítarlegur inngangur eða eftirmáli fylgir flestum verkanna. Smárit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur er ritröð sem hóf göngu sína árið 2021 í tilefni af 20 ára starfsafmæli stofnunarinnar.

Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu

Tvö hefti sextánda árgangs *Milli mála – Tímarits um erlend tungumál og menningu* komu út á árinu í opnum aðgangi á síðunni <https://millimala.hi.is> og ojs.hi.is. Tímaritið birtir ritrýndar fræðigreinar á sviði erlendra tungumála, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði. Einnig hefur skapast hefð fyrir birtingu bókmenntaþýðinga, einkum smásagna og styttri ritverka.

Sérhefti *Milli mála* 2024 er helgað örsögum og öðrum styttri textum. Greinarnar eru afrakstur málþings sem Stutt – rannsóknastofa í smásögum og styttri textum efndi til í Veröld – húsi Vigdísar í janúar 2023. Efni heftisins endurspeglar fjölbreytileika stuttra

verka, tekur á nýjum formum, örsögunni, en einnig eldri svo sem ævintýrum, þjóðsögum og dæmisögum, að ógleymdum prósaljóðum sem oft eru nálægt örsögunni. Höfundar greina eru Aðalheiður Guðmundsdóttir, Ásdís R. Magnúsdóttir, Áslaug Agnarsdóttir, Ástráður Eysteinnsson, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Hjalti Snær Ægisson, Kristín Guðrún Jónsdóttir, Raúl Brasca, Rebekka Práinsdóttir og Rúnar Helgi Vignisson.

Að auki eru í heftinu nokkur smáverk í íslenskri þýðingu eftir höfundana Félix Fénéon, Huainanzi, Ívan Turgenev, Joyce Carol Oates, Jules Lefèvre-Deumier, Karla Barajas, Leonardo da Vinci, Sławomir Mrożek, Valerius Maximus og úr ritinu *Zhuangzi*.

Gestaritstjórar voru Kristín Guðrún Jónsdóttir og Ásdís Rósa Magnúsdóttir.

Í almenna hefti *Milli mála* 2024 eru fimm ritrýndar greinar á íslensku, ensku, dönsku og þýsku. Hólmfríður Garðarsdóttir fjallar um skáldskaparskrif miðamerískra kvenna á fyrri hluta 20. aldar og með hvaða hætti umgjörð framúrstefnunnar opnaði konum dyr að sviði bókmenntanna. Ingibjörg Ágústsdóttir skrifar um skoskar bókmenntir og tekur til umfjöllunar þrjú verk sem öll eiga sögu svið á norðurslóðum og fjalla um ísbirni. Í greininni varpar hún ljósi á breytt viðhorf Evrópuþjóða til mannvistar á norðurslóðum og umhverfisbreytinga. Jacob Ølgaard Nyboe fjallar um nýsköpun orðaforða í ljóðagerð, nýyrði og nýja merkingu orða, og sækir þar í smíðju Marianne Larsen um gátt ómöguleikans. Marion Lerner ræðir fimm mismunandi þýðingar á smásögu eftir Gest Pálsson, greinir einkenni þýðinganna og þýðingaraðferðir. Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir fjalla um franska farsann, uppruna hans og hefðir honum tengdar, staðfærslu og viðtökur hans og þróun í íslenskum leikhúsum.

Í heftinu er einnig að finna tvær smásögur frá Paragvæ eftir Maria Concepción Leyes de Chaves og Renée Ferrer de Arréllaga, í þýðingu Hólmfríðar Garðarsdóttur, og smásögu eftir taílenska rithöfundinn Jidanan Luangphiansamut í þýðingu Hjörleifs Rafns Jónssonar.

Ritstjórar voru Geir P. Pórarinnsson og Þórhildur Oddsdóttir.

Sofiya Zahova, *Papúsza. Pólskt Rómaskáld á vettvangi heimsbókmennta*

Bókin *Papúsza. Pólskt Rómaskáld á vettvangi heimsbókmennta* geymir sýnishorn af kveðskap pólsk-rómísku skáldsins Bronisława Wajs (1907–1987) og fræðilegan texta um líf og ljóð skáldsins eftir Sofíyu Zahova. Ljóðin þýðir Maó Alheimsdóttir og Gunnar Þorri Pétursson texta Sofíyu. Ritstjóri bókarinnar er Birna Bjarnadóttir.

Bronisława Wajs, sem er betur þekkt sem Papúsza, kemur fram á sjónarsviðið eftir seinni heimsstyrjöld og öðlast alþjóðalega viðurkenningu í lok tuttugustu aldar. Þótt ljóð hennar séu ekki fleiri en fjörutíu talsins eru þau eigi að síður fjölbreytt að gerð. Skáldkonan lagði einatt áherslu á að ljóð hennar væru hugsuð og hefðu orðið til sem *gilja*, söngvar á rómísku; að upprunalega (þ.e. áður en þau voru fest á blað) hefði hún sungið þessi ljóð í sínu nærumhverfi, sínu samfélagi.

Annar meginþráður í verkum hennar eru lýsingar á lífi Rómafólks og beinum tengslum þeirra við náttúruna sem eru svo finlega ofnar að þær verða seint bornar saman við rómantískar klisjur um líf Sígaua í náttúrunni þótt Papúsza styðjist við svipuð tákn og líkingar. Önnur ljóð tjá þjóðernisást, það að tilheyra og styðja stjórnvöld sem stuðluðu að bættum lifnaðarháttum Sígaua í Póllandi á fyrra skeiði kommúnismans.

Á 21. öld hefur sagan af Papúszu og verkum hennar fengið byr undir báða vængi. Ljóð hennar „Tár úr blóði“ hefur öðlast verðskuldaðan sess í rómískri bókmenntasögu sem og túlkun Papúszu á helförinni og þjáningum Rómafólks í síðari heimsstyrjöldinni. Rómafólk og aðgerðasinnar sækja í auknum mæli stolt og innblástur til Papúszu.

Bókin er gefin út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í samstarfi við Háskólaútgáfuna.

Útgáfa verksins var styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Simone de Beauvoir, *Brotin kona*


Smásagnasafnið *Brotin kona* (*La Femme rompue*) eftir franska rithöfundinn og heimspekinginn Simone de Beauvoir kom út í Frakklandi árið 1967 og er síðasta skáldverk höfundarins. Verkið er áhrifamikið og skrifað af djúpu innsæi. Þar er að finna þrjár sögur sem endurspeгла togstreituna milli hefðbundinni kynhlutverka og sjálfsmýndar kvenna í örri endurmótun. Jórunn Tómasdóttir þýddi og Irma Erlingsdóttir skrifaði inngang. Ásdís Rósa Magnúsdóttir ritstýrði.

Bókin er gefin út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í samstarfi við Háskólaútgáfuna.


Útgáfa verksins var styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Nánar um útgáfu stofnunarinnar: <https://svf.hi.is/is/utgafa>

ÚTGÁFA FRÆÐIMANNA SVF HJÁ ÖÐRUM FORLÖGUM



Gregory Phipps, prófessor við Mála- og menningardeild, sendi frá sér ritið *Dialectics of the Big Bang and the Absolute Existence of the Multiverse* hjá University of Alberta Press. Í þessu þverfaglega riti er að finna díalektíska frásögn um upphaf alheimsins þar sem heimspeki Hegels er fléttuð við skrif um tilgátuna um Miklahvell. Samkvæmt lýsingum vísindamanna á Miklahvelli var fyrsta sekúnda tilvistarinnar viðburðaríkur tími þar sem alheimurinn fór í gegnum sex ólík tímabil. Með því að stilla saman skrifum Hegels annars vegar og heimsfræðilegum frásögnum hins vegar greinir Gregory Phipps þessa hreyfingu sem díalektíska framrás. Hann skoðar einnig hvernig þessi fyrsta sekúnda inniheldur vísbendingar um tilvist og gerð ímyndaðs fjölheims.



Guðrún Kristinsdóttir, nýdoktor við stofnunina, sendi frá sér bókina *La Guerre civile romaine dans la tragédie française (1550-1650). Poétique et politique* [Rómverska borgara-styrjöldin í frönskum harmleikjum sextánda og sautjándu aldar. Skáldskaparfræði og hið pólitíska] hjá Classiques Garnier í París. Bókin er unnin upp úr doktorsritgerð sem Guðrún varði í París árið 2022 til sameiginlegrar doktorsgráðu frá Háskóla Íslands og Háskólanum Sorbonne-Nouvelle. Hún fjallar um fjórtán franska harmleiki frá árunum 1550 til 1650 sem allir hafa rómverska borgarastríðið að viðfangsefni og sögusviði. Skáldskaparfræðileg greining á leikritunum leiðir í ljós að þau taka á hugðarefnum er varða trúarbragðastríðin sem geisluðu á 16. öld og eftirmála þeirra á 17. öld, sem og uppreisnir aðalsins gegn einveldi sem þá var að festa sig í sessi.

VIÐBURÐIR

Franska sendiráðið og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum buðu til umræðu um sígildu skáldsöguna *Skyttarnar þrjár* eftir Alexandre Dumas í Veröld - húsi Vigdísar 23. janúar. Toby Erik Wikström, sérfræðingur við Hugvísindastofnun, ræddi við Guðrúnu Kristinsdóttur, nýdoktor við Mála- og menningardeild HÍ, um bókina í sögulegu ljósi, en bæði eru þau sérfræðingar í frönskum bókmenntum sautjándu aldar.

Námsgrein í japönsku stóð fyrir árlegri **Japanshátíð** við Háskóla Íslands í tuttugasta sinn í Veröld – húsi Vigdísar laugardaginn 27. janúar. Hátíðin var öllum opin og gafst gestum kostur á að kynna japanskri menningu og námi í japönsku við Mála- og menningardeild.

Félag spænskukennara á Íslandi, sendiráð Spánar á Íslandi og námsgrein í spænsku við HÍ stóðu fyrir **Spænskuhátíð** í Veröld – húsi Vigdísar þann 2. febrúar. Nemendur framhaldsskóla kynntu þar myndbandsverkefni er lutu að fimmta heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti kynjanna. Verðlaun fólust í námsdvöl við háskóla á Spáni sumarið 2024 og voru fulltrúar skólanna mættir. Tónlistarflutningur var í höndum nemenda við MÍT, Menntaskóla í tónlist.

Þann 27. febrúar stóð námsgrein í þýsku við Mála- og menningardeild fyrir málstofunni **Künstliche Intelligenz und Chatbots im DaF-Unterricht** (Gervigreind og Chatbots (snjallyrki) í kennslu þýsku sem erlends tungumáls). Fyrirlesari var Alexandra Rösner, sérfræðingur hjá Herder-stofnunni við háskólann í Leipzig.

Þann 20. mars buðu Norræna húsið og námsgrein í dönsku við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands til **samtals við danska rithöfundinn Peter Adolphsen**. Hann kynnti fjölbreytt höfundarverk sitt í samtali við Jacob Ølgaard Nyboe, lektor í dönsku við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands. Samtalið fór fram í Norræna húsinu.

Félag frönskukennara á Íslandi og námsgrein í frönsku við Háskóla Íslands stóðu fyrir **Frönskufestivali** í Veröld – húsi Vigdísar þann 20. mars. Hátíðin var haldin í samstarfi við Franska sendiráðið og Sendiráð Kanada á Íslandi og Alliance française í Reykjavík. Hátíðin var haldin til að vekja athygli á frönskukennslu á Íslandi sem og námsframboði og möguleikum fyrir Íslendinga í Frakklandi og Kanada.

Þann 22. mars 2024 úthlutaði **Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur** eftirfarandi styrkjum til verkefna á vegum stofnunarinnar:

Milli mála 2024 (16/1 og 16/2) 2.200 þús. kr.

Geir Þ. Þórarinnsson – Grísk-íslensk orðabók 300 þús. kr.

Charles Baudelaire, Parísardepurð (*Le Spleen de Paris*) 420 þús. kr.

Simone de Beauvoir, Brotin kona (*La Femme rompue*) 490 þús. kr.

Hólmfríður Garðarsdóttir, Áhrifamáttur ljóða á umbrotatímum 300 þús. kr.

Frönsk framúrstefna. Leikritabýðingar Vigdísar Finnbogadóttur 600 þús. kr.

Þann 9. apríl hélt Florian Freytag erindi um áralanga þróun og birtingarmyndir úthverfa í Framtíðarlandi Disneyland skemmtigarðsins í Anaheim í Kaliforníu: **A Great Big Beautiful Suburban Tomorrow: Suburbia in Disneyland's Tomorrowland**. Dr. Freytag er prófessor í amerískum bókmenntum og námsbrautarstjóri Amerískra bókmennta- og miðlunarfræða við deild enskra fræða við háskólann í Duisburg-Essen í Þýskalandi.

Málþingið **Velja, tákna, skilgreina sögusvið á leiksviði** var haldið á Heimasvæði tungumálanna 26. apríl. Málþingið var haldið á vegum fransks-norræns samstarfshóps um franskar leikbókmenntir og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og fjallar um sögusvið franskra leikrita, tengsl milli texta og leikmyndar, milli leiksviðs og hugarheims, milli frumtexta og þýðingar, frá 16. öld til okkar daga.

Ingibjörg Ágústsdóttir skipulagði ásamt Dr. Monicu Germanà ráðstefnuna ***Ice and Water: Circular Thinking on Cultural and Environmental Sustainability*** sem var haldin í Veröld dagana 23. og 24. maí. Þessi þverfaglega ráðstefna fjallaði um umhverfis- og menningarlega sjálfbærni, með sérstakri tilvísun til vatns og íss í menningarlegu og listrænu samhengi Norðurslóðanna. Samhliða ráðstefnunni var sett upp innsetning á tungumálasvæðinu í Veröld eftir skoska listamanninn David Cass, hluta af verki hans *Where Once the Waters* (sýnt á Feneyjatvíæringnum 2022), ásamt veggspjaldakynningum frá listamönnum af ættum frumbyggja Norðurslóða. Öll verk fjalla um menningarlegar og fagurfræðilegar frásagnir af ís, vatni og verum á Norðurslóðum og vekja athygli á sjálfbærni í menningu og umhverfi á Norðurslóðum.

Stutt – rannsóknastofa í smásögum og styttri textum hélt málþing helgað **Baudelaire og prósaljóðinu** í Auðarsal í Veröld þann 7. september. Þingið var haldið í tilefni af útkomu verksins *Parísardepurð. Stutt ljóð í lausu máli* (*Le Spleen de Paris. Petits poèmes en prose*) eftir Charles Baudelaire sem kom út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur árið 2024. Þátttakendur voru Kristín Guðrún Jónsdóttir, Toby Erik Wikström, Magnús Sigurðsson, Guðrún Kristinsdóttir, Sölvi Björn Sigurðsson og Ásdís Rósa Magnúsdóttir. Málþingið var haldið í samstarfi við Franska sendiráðið á Íslandi.

12. september var haldinn viðburður í Auðarsal í Veröld þar sem formleg afhending ómetanlegra gjafa frá Vesturheimi fór fram. Annars vegar var um að ræða handrit og persónulega muni Helgu Steinvarar Baldvinsdóttur (1858–1941). Hún sigldi frá Íslandi árið 1873, nam land í Kanada og Bandaríkjunum, orti ljóð undir skáldanafninu Undína og varð eitt markverðasta skáld íslenskra vesturfara. Hins vegar var um að ræða bókasafn frá Arborg í Manitoba sem geymir mörg af helstu ritum bókmennta- og menningarsögu íslenskra vesturfara og afkomenda þeirra, þökk sé hjónunum Aðalbjörgu Sigvaldason (1910-2000), og Þórarni Guðna Sigvaldason, (1910-2002).

Þann 20. september hélt Stefanie Stadler, prófessor við enskudeild Doshisha-háskóla í Kyoto í Japan og gestaprófessor við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands erindið **Intercultural communication and identity** (Þvermenningarleg samskipti og sjálfsmynd) á Heimasvæði tungumála.

Þann 26. september kynnti Gregory Phipps, prófessor í enskum bómenntum við Mála- og menningardeild HÍ, nýútkomið rit sitt *Dialectics of the Big Bang and the Absolute Existence of the Multiverse* sem kom út hjá University of Alberta Press. Kynningin fór fram á Heimasvæði tungumála.

Námgrein í japönsku bauð upp á opinn hádegisfyrirlestur Noemi Lanna á Heimasvæði tungumálanna í Veröld þann 21. október. Titill fyrirlestursins var **'But I have to write it'. Higa Susumu's Okinawa**. Noemi Lanna er dósent í nútíma- og samtímasögu Japans og Japan í alþjóðakerfinu við L'Orientale-háskólann í Napolí.

Þann 10. október efndi Stutt – rannsóknastofa í smásögum og styttri textum, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Franska sendiráðið til kynningar á smásagnasafninu *Brotin kona* (*La Femme rompue*) eftir **Simone de Beauvoir** í þýðingu Jórunnar Tómasdóttur (1954–2023). Irma Erlingsdóttir skrifaði inngang að sögunum. Petrína Rós Karlsdóttir sagði frá störfum Jórunnar í þágu erlendra tungumála. Ásdís R. Magnúsdóttir kynnti verkið og þýðinguna og Rebekka Þráinsdóttir les valda kafla úr sögunum þremur. Viðburðinn var haldinn í Auðarsal, í samstarfi við Franska sendiráðið.

Þann 23. október flutti Jan Ifversen, prófessor í Evrópufræðum við Árósarháskóla, erindið **„Hlutdeild innflytjenda í umönnun eldra fólks og í heilbrigðisþjónustu“** ("Migrant agency and transcultural creativity in elderly care"). Erindið var haldið í samstarfi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Þann 19. nóvember hélt Adam Horálek fyrirlesturinn **Öldrunarþjóðernishyggja: Milli blóðs og gilda í Taívan samtímans**. Adam Horálek er doktor í mannfræði og forstöðumaður Mið-Evrópu-, Balkanskaga- og Þjóðfræðistofnunar Karlsháskóla í Prag, Tékklandi. Fyrirlesturinn var haldinn á Heimasvæði tungumála, í samstarfi við Alþjóðamálastofnun og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

ÞAKKIR

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur þakkar öllum sem styrktu starfsemi stofnunarinnar árið 2024: Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Miðstöð íslenskra bókmennta, Hugvísindastofnun og Sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli. Íslenskum stjórnvöldum er þakkað fyrir stuðning við starfsemi Vigdísarstofnunar – Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar. Þá er stjórn stofnunarinnar ásamt stjórnnum undirstofa, verkefnastjórum, rektor Háskóla Íslands, Jóni Atla Benediktssyni, Ólöfu Garðarsdóttur sviðsforseta, Margréti Guðmundsdóttur, rekstrarstjóra rannsóknþjónustu, og Guðmundi Herði Guðmundssyni, kynningar- og vefstjóra Hugvísindasviðs, þakkað gott samstarf. Að lokum vill stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum koma á framfæri þökkum til allra samstarfsmanna og velunnara fyrir margvíslegan stuðning við starfsemi stofnunarinnar.

4. apríl 2025

Ásdís R. Magnúsdóttir, f.h. stjórnar